

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 20. mars 2026

Mál nr. S-7497/2025:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Vilhjálmur Þór Svansson saksóknarfulltrúi)

gegn

X

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 3. mars sl., var höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 23. desember 2025, á hendur: „X, [...] í Reykjavík, fyrir skjalafals með því að hafa, fimmtudaginn 20. júlí 2023 framvísað í blekkingarskyni fölsuðu skjali í gegnum stafrænu gáttina Altinn hjá embætti Landlæknis í Noregi (Helsedirektoratet) vegna umsóknar ákærða um starfsleyfi sem læknir í Noregi, en á hinu falsaða skjali, dagsettu 9. júní 2019, kom fram að ákærði hefði heimild til að kalla sig lækni og starfa sem slíkur á Íslandi samkvæmt staðfestingu Landlæknis, en ákærði hafði ekki fengið ótímabundið starfsleyfi sem læknir á þeim tíma, og vissi ákærði eða mátti vita af hinni meintu fölsun, sem var gerð í þeim tilgangi að tryggja ákærða framgang umsóknarinnar.

M. 007-2024-[...].

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

- Málið var þingfest 15. janúar 2026 og neitaði ákærði sök. Með tölvupósti 19. febrúar sl. var af hálfu ákærða sett fram krafa um frávísun málsins. Var hún á því byggð að málsmeðferðin færi í bága við bann við tvöfaldri málsmeðferð og 57. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og grundvallaðist á því að málið hefði verið til rannsóknar í Noregi en verið fellt niður með bréfi lögreglu, dagsettu 28. mars 2025. Þá væri refsilögsaga vegna ætlaðs brots ekki hér á landi. Málflutningur vegna kröfunnar fór fram 25. febrúar sl. og var úrskurður kveðinn upp í málinu þann 27. febrúar sl. Var kröfu um frávísun málsins þá hafnað.
- Ákærði krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins en til vara að

hann verði dæmdur í vægustu refsingu er lög leyfa. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði í heild eða að hluta ásamt öðrum sakarkostnaði.

I

Helstu málsatvik

4. Rannsókn málsins hjá lögreglu hófst er henni barst, 25. september 2024, kæra embættis landlæknis, dagsett 24. sama mánaðar, á hendur ákærða vegna meints falsaðs skjals er hann var talinn hafa lagt fram vegna umsóknar hans um starfsleyfi sem læknir í Noregi. Er rakið í kærinni að 30. ágúst 2024 hafi embætti landlæknis borist tölvupóstur frá Helsedirektoratet í Noregi þar sem óskað var eftir upplýsingum um það hvort tiltekið skjal sem fylgdi með væri ófalsað og þar með hvort ákærði væri með starfsleyfi sem læknir á Íslandi. Skjalið, sem dagsett er 9. júní 2019, hafi borið með sér að vera staðfesting á því að ákærði hafi heimild til að kalla sig lækni og starfa sem slíkur á Íslandi. Við skoðun starfsmanna embættis landlæknis kom berlega í ljós að skjalið var falsað og hafði ákærði ekki fengið ótímabundið starfsleyfi sem læknir á Íslandi. Hann hafði tvívegis fengið útgefið tímabundið starfsleyfi sem læknir á grundvelli þáverandi námsstöðu sinnar á sérnámsgrunni. Annars vegar hafði hann fengið slíkt leyfi 14. júní 2021 til 12. ágúst 2022 og hins vegar 5. desember 2022 til 11. júní 2023.
5. Þá er rakið í kærinni að við skoðun á skjalinu hefðu jafnframt komið í ljós önnur atriði sem sýndu glögglega að um falsað skjal væri að ræða. Er þar rakið að heiti stofnunar sem gaf út skjalið var rangt en það var sagt vera Landlæknisembættið en heiti stofnunarinnar hefði verið breytt árið 2011 í embætti landlæknis. Sá starfsmaður sem á að hafa undirritað skjalið var hættur störfum 9. júní 2019 og sú dagsetning er sunnudagur en starfsleyfi embættisins eru einungis gefin út á almennum vinnudögum. Þá er að finna stafsetningarvillur í skjalinu sem ekki eru til staðar í því sniðmáti sem liggur til grundvallar útgáfu slíkra skjala. Er rakið í kærinni að ákærði hefði fengið útgefið leyfi sem næringarfræðingur 13. febrúar 2012 og sem geislafræðingur 4. júlí 2019 og liggur fyrir afrit af þeim leyfisbréfum auk afrits af leyfi til handa ákærða til að starfa sem læknir í Noregi 9. janúar 2015 til og með 9. janúar 2017. Telur kærandi að hluti af skjali sem staðfestir starfsleyfi ákærða sem næringarfræðingur hafi verið notað til að útbúa hið falsaða skjal.
6. Í kærinni voru meint brot talin varða við 4. og 10. gr., sbr. 28. gr., laga um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
7. Þá segir í kærinni að traust almennings til heilbrigðisþjónustunnar sé mjög mikilvægt. Eitt það sem mörgu öðru fremur getur rýrt slíkt traust er ef einhver fær starfsleyfi, t.d. sem læknis, án þess að uppfylla skilyrði til slíks. Hér er ekki um að ræða tilraun til að fá starfsleyfi á Íslandi sem læknir en umsóknin var byggð á fölsuðu skjali sem látið var líta

út fyrir að eiga uppruna sinn hjá landlæknisembættinu. Vegna gagnkvæmrar viðurkenn-
ingar á menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna innan EES-ríkja er það hins vegar svo
að á grundvelli norsks starfsleyfis sem læknir hefði verið hægt að sækja um starfsleyfi
sem læknir á Íslandi, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Telur kærandi að með háttsemi
sinni hafi ákærði leitast eftir því að starfa sem læknir án réttmæts leyfis.

8. Kærundi fylgdi framangreindur tölvupóstur og íslensk þýðing hans. Þar segir: *Land-
læknisembættið í Noregi hefur mótttekið umsókn frá [ákærða] um leyfi til að starfa sem
læknir. Við höfum áður bedið þig um staðfestingu á því að hvort [ákærði] hefði leyfi til
að starfa sem læknir á Íslandi og fengum svar í tölvupósti þann 7. júlí 2024 þar sem fram
kom að [ákærði] hefði ekki leyfi til að starfa sem læknir á Íslandi.
Landlæknisembættið hefur mótttekið gögn frá [ákærða] sem benda til þess að hann hafi
haft lækningaleyfi á Íslandi frá 9. júní 2019. Gögnin eru meðfylgjandi. Við óskum eftir
staðfestingu á því hvort gögnin séu áreiðanleg og að [ákærði] hafi því áður haft
lækningaleyfi á Íslandi.*
9. Fyrir liggur fyrir bréf norsku lögreglunnar, dagsett 28. mars 2025, til ákærða ásamt
íslenskri þýðingu á skjalinu. Þar kemur fram að rannsókn norsku lögreglunnar varðaði
notkun á fölsuðu skjali 20. júní 2023 og að ákærði hefði verið með réttarstöðu sakborn-
ings í málinu. Í bréfinu er ákærða tilkynnt að málið gegn honum hefði verið fellt niður
þar sem lögreglan telur ekki ástæðu til að rannsaka hvort málið sé refsivert, og er þar
vísað til 1. mgr. 224. gr. norsku sakamálalaganna. Þá segir í bréfinu að heimilt sé að kæra
ákvörðunina innan þriggja vikna frá móttöku bréfsins.
10. Einnig liggur fyrir tölvupóstur vitnisins A, lögfræðings hjá embætti landlæknis, þar sem
fram kemur að samkvæmt upplýsingum frá Helsedirektoratet í Noregi hefði ákærði sótt
um leyfi til að starfa sem læknir í Noregi 20. júlí 2023 og hefði hið meinta falsaða skjal
verið sent beint af ákærða þegar hann sótti um leyfið og það því einnig borist 20. júlí
2023. Þá er þar rakið að norska læknaáráðið noti stafræna vettvanginn Altinn til að taka á
móti umsóknum. Umsækjendur verði að skrá sig inn á Altinn og senda umsóknina og
önnur skjöl rafrænt. Skjalinu hefði verið hlaðið inn á Altinn af ákærða.
11. Þá liggur fyrir upplýsingaskýrsla lögreglu, dagsett 2. mars 2026, þar sem fram kemur að
lögregla hefði leitað upplýsinga um ferðir ákærða til og frá landinu á tímabilinu maí til
1. september 2023. Þar kemur fram að ákærði átti bókað flug með flugdagsetningunni 7.
júní 2023 leiðina KEF-DOH (Keflavík – Osló – Doha). Einnig átti hann bókun með
flugdagsetningu 30. júní 2023 leiðina LGW-KEF (London – Keflavík). Þá segir í
skýrslunni að framangreint staðfesti ekki að viðkomandi hafi notað bókaða ferð.
12. Loks liggur fyrir tölvupóstur frá saksóknara og rannsóknarlögreglumanni hjá norsku
lögreglunni þar sem fram kemur að þegar mál er fellt niður á grundvelli 1. mgr. 224. gr.
norsku sakamálalaganna, líkt og þetta, hefur það ekki verið rannsakað af hálfu lögreglu
og viðkomandi hefur ekki verið ákærður. Einnig er þar rakið að það sé ekki endanleg

niðurstaða máls heldur væri hægt að taka málið upp á ný.

13. Við rannsókn málsins var tekin skýrsla af ákærða 30. apríl 2025. Ákærði staðfesti að hafa sótt um tímabundið lækningaleyfi í Noregi. Kynnt meint falsað skjal kvaðst ákærði ekki hafa séð það áður. Þegar hann sótti um lækningaleyfið hefði hann sent inn mikið af gögnum. Viti hann ekki hvers vegna þetta skjal hefði verið með en í gögnunum hefði átt að vera starfsleyfi hans sem næringarfræðingur. Kvaðst hann hafa sent skjölin sem pdf-skjöl í gegnum sérstakt kerfi. Verið gæti að hann hefði sent einhver röng gögn en hann viti ekki hvaðan þetta skjal hafi komið.

II

Skýrslutökur fyrir dómi

14. Ákærði kveðst hafa komið til Íslands árið 2009 eftir að hann fékk námsstyrk til að læra hér á landi. Hann hafi farið í meistaranám við Háskóla Íslands í læknisfræði, næringarfræði og geislafræði og útskrifast árið 2012. Hann hefði byrjað að vinna á Landspítalanum árið 2012, á rannsóknarstofu. Hann hefði síðan sótt um tímabundið lækningaleyfi hjá landlækni og byrjað að vinna á grundvelli þess árið 2019 og var þá í sérnámsgrunni og hafi verið þar til núna. Kvaðst hann hafa tekið læknapróf í Bandaríkjunum og hefði hann þá verið kominn með kandidatspróf. Hann hefði tvisvar fengið tímabundið lækningaleyfi hjá landlækni og hefði verið í sérnámi í lyf- og heimilislækningum og væri enn og hefði m.a. unnið sem heimilislæknir í [...].
15. Var ákærða kynnt að í ákæru væri honum gefið að sök að hafa framvísað fölsuðu lækningaleyfi útgefnu af landlækni og hefði skjalið verið dagsett 19. júní 2019. Kvaðst ákærði ekki hafa falsað skjalið og ekki kunna það og ekki kunna á tölvur. Var ákærða þá kynnt að fyrir liggja samkvæmt kæru landlæknis að hann hefði verið að sækja um starf í Noregi og sagði ákærði að þetta hefði einungis verið umsókn um lækningaleyfi. Hann hefði langað til að læra sérnámsgrunnnámið bæði á Íslandi og í Noregi. Þá var ákærða einnig kynnt að fram komi í gögnunum að landlæknir í Noregi hefði sent landlækni á Íslandi tölvupóst árið 2024 þar sem fram kemur að þeim hafi borist gögn frá honum, m.a. lækningaleyfi sem gefið hafi verið út í júní 2019 í hans nafni. Svaraði ákærði því þannig að hann hefði ekki gert þetta og heldur ekki sent önnur gögn þangað. Var ákærða þá kynnt að það hefði komið fram í skýrslu hans hjá lögreglu að hann hefði sent gögn þangað og sagði ákærði þá að hann viti það ekki.
16. Ákærði sagði að hann hefði verið með tímabundið lækningaleyfi. Kynnt að falsaða skjalið væri ótímabundið leyfi sagði ákærði að hann viti það ekki og muni það ekki. Ákærði kvaðst ekki hafa sótt um lækningaleyfi í Noregi og ekki sent umsóknina. Var ákærða kynnt að fram komi í skýrslu hans hjá lögreglu að hann hefði sent töluvert af gögnum til Noregs í gegnum Altinn, sem er stafræn vefgátt hjá landlækni í Noregi, sagði ákærði að það væri langt síðan og myndi hann þetta ekki núna.. Kvaðst ákærði neita sök.

17. Ákærði staðfesti að hann hefði verið kominn með kandidatspróf árið 2019 og hefði þá farið í sérnám og tvisvar fengið tímabundið lækningaleyfi hér á landi vegna sérnámsins. Hann hefði einnig fengið tímabundið lækningaleyfi í Noregi og hefði hann sótt um árið 2015 og unnið þar í tvö ár, 2015 til 2017. Spurður hvernig hann hefði þá sótt um leyfið sagði ákærði að hann hefði sent umsókn í tölvupósti og venjulegum pósti, haldi hann. Þegar ákærði var spurður nánar kvaðst hann þá hafa notað Altinn-gáttina hjá landlækni og fundið upplýsingar á vefsíðu landlæknis í Noregi um það hvernig það væri gert. Honum hefði þá verið svarað og sagt að hann mætti koma í sérnámsgrunnám og að hann mætti sækja um starf sem læknir í Noregi og sagt að hann þyrfti að starfa í þar tiltekinn tíma við nokkrar tiltekna sérgreinar.
18. Ákærði kvaðst ekki hafa árið 2023 sent það skjal sem greinir í ákæru í gegnum Altinn-gáttina hjá landlækni í Noregi. Hann haldi að hann hafi árið 2023 sent sömu gögn og árið 2015 en hefði engu breytt utan þess að hafa einnig sent tímabundna lækningaleyfið í Noregi. Staðfesti ákærði að hann hefði árið 2023 verið að sækja um sérnámsgrunnlækningaleyfi. Hann hefði afturkallað umsóknina eftir tvo daga og væri hann ekki með umsókn þarna til meðferðar núna.
19. Var ákærði spurður hvar hann hefði verið þegar hann sendi skjölin árið 2023 og sagðist ekki muna það en hann hefði sótt um lækningaleyfi í gegnum Altinn. Kynnt að fyrir liggi upplýsingar vegna flugferða hans á árinu 2023, og þar komi fram að hann hefði verið á landinu og spurður hvort það gæti verið kvaðst ákærði ekki vita það.
20. A, lögfræðingur hjá landlækni, kvaðst hafa sent kæru málsins til lögreglu f.h. landlæknis. Embætti landlæknis hefði fengið sendan tölvupóst frá systurstofnun embættisins í Noregi þar sem óskað hefði verið eftir upplýsingum um það hvort ákærði hefði starfsleyfi sem læknir hér á landi og sent með skjal sem ákærði hafði sent þeim með umsókn um starfsleyfi þar í landi.
21. Við skoðun á skjalinu hafi komið í ljós að ákærði er ekki með starfsleyfi sem læknir en væri með starfsleyfi sem næringarfræðingur og geislafræðingur. Þau hefðu þá séð að skjalið var ekki útgefið af embættinu. Ákærði hefði verið að sækja um sem læknir í Noregi og fengu þau þær upplýsingar frá landlækni í Noregi að ákærði hefði lagt inn rafræna umsókn í gegnum kerfið hjá þeim og þetta skjal hefði verið sent með umsókn. Viti hún ekki hvort hann hafi verið að sækja um tímabundið eða varanlegt lækningaleyfi. Þau hefðu í raun fengið spurningu um það frá norska landlækninum hvort ákærði væri með starfsleyfi en þau væru með opinberan starfsleyfagrunn þar sem hægt væri að fletta upp nöfnum einstaklinga.
22. Fram kom hjá vitninu að sá starfsmaður sem tók við þessum pósti hefði séð að þetta skjal hafði ekki verið gefið út af embættinu. Strax eftir að hafa skoðað þetta hefði kæran verið send lögreglu. Það hefðu verið þó nokkuð mörg atriði sem þau hefðu staldrað við. Það fyrsta sem blasti við var að hausinn á bréfinu var ekki réttur, það hefði verið með eldra

heitinu, Landlæknisembættið, en í dag væri embætti landlæknis notað og hefði verið árið 2019. Þá var sá starfsmaður sem sagður var hafa ritað undir leyfið hættur þegar leyfið á að hafa verið gefið út. Einnig voru í bréfinu einhverjar stafsetningarvillur og dagsetningin var á sunnudegi en samkvæmt þeim upplýsingum sem vitnið hefði þá eru starfsleyfi einungis gefin út á virkum dögum.

23. Spurð hvort lækningaleyfi hér á landi hefði verið forsenda þess að ákærði hefði getað fengið leyfið í Noregi sagði vitnið að ef hann hefði verið með lækningaleyfi hér hefði hann sjálfkrafa getað unnið sem læknir í Noregi. Innan EES geta einstaklingar sjálfkrafa fengið viðurkenningu á starfsleyfi sem læknir ef þeir hafa lokið námi og eru komnir með starfsleyfi innan EES.
24. *Lögreglumaður nr. B* sagði að rannsóknarskýrsla sem hann hefði unnið vegna málsins byggði fyrst og fremst á kærinni sem barst frá embætti landlæknis, framburði og svo viðbótargögnum sem óskað var eftir frá Noregi í gegnum landlæknisembættið. Var óskað eftir staðfestingu á því hvenær umsókninni hefði verið skilað í gegnum þessa umsóknargátt hjá landlækni í Noregi.
25. Vitnið kvaðst hafa tekið skýrslu af ákærða og var megininntak framburðar hans að hann hefði sótt um þetta starf og sent gögnin en kannaðist þó ekki við þetta tiltekna skjal. Bar ákærði svolítið fyrir sig að hann myndi það ekki í smáatriðum hvað hann hefði sent og að hann hefði sent mikið af gögnum. Ákærði vildi meina að þarna hefði eingöngu átt að vera starfsleyfi næringarfræðings. Það hefði ekki verið alveg samræmi milli þess sem hann var að tala um þar sem hann virtist vera meðvitaður um að hann var að sækja um starf læknis en kannaðist ekki við þetta leyfi sem embætti landlæknis telur að átt hafi verið við og benti á nokkur atriði því til staðfestingar. Starfsmaðurinn sem á að hafa undirritað þetta tímabundna lækningaleyfi hafði látið af störfum á þeim degi sem er skráð dagsetning á leyfi. Dagsetninguna með þessu ártali hefði borið upp á sunnudegi, en embætti landlæknis gefur ekki út leyfi á sunnudögum, og hausinn á bréfinu hefði ekki átt við lengur þar sem heiti embættisins hafði verið breytt á þeim tíma þegar leyfið átti að hafa verið gefið út.
26. Fram kom hjá vitninu að eftir að hafa tekið framburðinn hefði hann ritað rannsakarskýrsla og samantekt á framburði ákærða og málið verið sent til ákærusviðs. Það hefði óskað eftir frekari rannsóknum, m.a. ítarlegri upplýsingum um framlagningu gagna í Noregi. Einnig hefðu komið upp vangaveltur um lögsögu brotsins, þ.e. ef ákærði sendi þessi gögn hvort hann hefði þá verið staðsettur annars staðar en á Íslandi. Því hafði verið aflað gagna frá farþegagreiningardeild ríkislögreglustjóra og benda þau til þess að ákærði hafi verið á Íslandi miðað við það að skjalið hafi verið lagt fram í júlí 2023. Þá hefði eina skráða ferð ákærða verið heimkoma frá Gatwick í Englandi í lok júní 2023. Aðrar ferðir voru ekki skráðar þá samkvæmt þessum upplýsingum.

III

Niðurstaða

27. Ákærði er ákærður fyrir skjalafals með því að hafa framvísað í blekkingarskyni fölsuðu skjali í gegnum stafrænu gáttina Altinn hjá embætti landlæknis í Noregi vegna umsóknar sinnar um starfsleyfi sem læknir í Noregi eins og nánar er rakið í ákæru.
28. Í ákæru er háttsemin talin varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt lagaákvæðinu skal sá sæta fangelsi allt að átta árum sem notar falsað skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum. Skal það einkum metið refsingu til þyngingar, ef skjalið er notað sem opinbert skjal, viðskiptabréf eða erfðaskrá.
29. Ákærði neitar sök og byggir hann sýknukröfu sína á því að ósannað sé að hann hafi framvísað skjalinu eins og í ákæru greinir. Vísar hann sérstaklega til þess að ætlaður móttakandi skjalsins hafi ekki borið um móttöku þess og hvort um sama skjal sé að ræða. Þá byggir ákærði kröfu sína á því, teljist sannað að hann hafi framvísað skjalinu, að ósannaður sé að ásetningur hans hafi verið sá að nota skjalið til að blekkja með því í lögskiptum heldur hafi skjalið verið sent með umsókninni fyrir vangá. Loks byggir ákærði á því að ósannað sé að hann hafi verið staddur hér á landi þegar hann sendi umsóknina og því óljóst hvort íslenskar refsilögsögureglur taki til meintrar háttsemi hans.
30. Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Í sakamálum gildir einnig sú meginregla að sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á ákæruvaldinu, sbr. 108. gr. sömu laga. Af framangreindu leiðir að vafa um sönnun sektar verður að skýra ákærða í hag. Samhliða gildir sú regla að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.
31. Skjalafals telst vera fullframið þegar fölsuðu skjali er framvísað í blekkingarskyni. Til að sakfelld verði fyrir það brot sem ákærða er gefið að sök ber ákæruvaldinu að sanna að ákærði hafi framvísað skjalinu í blekkingarskyni vitandi að það væri falsað.
32. Fyrir liggur að ákærði hafði áður en atvik gerðust fengið tímabundið lækningaleyfi í Noregi auk þess að hafa tvisvar fengið slíkt leyfi hér á landi og var það í öllum tilvikum í tengslum við sérnámsgrunnám hans.
33. Í skýrslu sinni hjá lögreglu kvaðst ákærði hafa sótt um tímabundið lækningaleyfi í Noregi og sent gögn með umsókninni. Hann kannaðist hins vegar ekki við að hafa sent það skjal sem í ákæru greinir og talið er vera falsað lækningaleyfi og kvaðst ekki hafa séð það áður. Vera kynni að hann hefði sent röng gögn með umsókninni og viti hann ekki hvaðan þetta skjal hafi komið. Fyrir dómi viðurkenndi ákærði ýmist að hafa sent umsókn í

gegnum Altinn-gáttina hjá norska landlæknum í júlí 2023, eins og greinir í ákæru, eða neitaði því en kannaðist ekki við að hafa sent meint falsað skjal með henni. Þrátt fyrir að framburður ákærða hafi um margt verið á reiki og að því leyti ótrúverðugur hefur hann verið staðfastur um að hafa ekki framvísað meintu fölsuðu skjali eða að hafa í versta falli sent skjalið fyrir mistök.

34. Fyrir liggur tölvupóstur frá embætti landlæknum til lögreglu þar sem raktar eru upplýsingar sem embættinu bárust frá norska landlæknum, þ. á m. meint falsað lækningaleyfi og upplýsingar um feril málsins. Þar kemur fram að umsókn ákærða um lækningaleyfi í Noregi var send í gegnum Altinn-gáttina. Með framburði ákærða, sem fær stoð í framlögðum gögnum, telst sannað að ákærði hafi sótt um lækningaleyfi í gegnum gáttina 20. júlí 2023.
35. Meint falsað skjal ber með sér að vera ótímabundið lækningaleyfi ákærða til handa. Við rannsókn málsins fór ekki fram sérhæfð rannsókn á skjalinu af hálfu lögreglu með hliðsjón af því hvort það væri falsað. Engu að síður telur dómurinn það sannað með vætti A, lögfræðings hjá embætti landlæknum, sem staðfesti fyrir dómi að ágallar væru á skjalinu, í samræmi við það sem að framan er rakið, og framburði ákærða um að hann hafi ekki fengið útgefið slíkt leyfi, að ákærði hefði ekki fengið útgefið lækningaleyfi í samræmi við meint falsað skjal. Þannig telur dómurinn sannað að um falsað skjal sé að ræða.
36. Umsókn ákærða um lækningaleyfi frá 20. júlí 2023 liggur ekki fyrir né heldur staðfesting á því hvaða skjöl fylgdu umsókninni utan framangreindra upplýsinga um að hið falsaða skjal hafi fylgt henni. Þá liggur ekki fyrir staðfesting úr framangreindu kerfi, Altinn, á sendingu gagnanna, hver ferillinn var við sendingu og móttöku þeirra né framburður þeirra starfsmanna sem tóku við umsókninni og gögnunum eða gátu staðfest móttöku þessara gagna. Þannig verður m.a. ekki staðfest hvort ákærði var að sækja um tímabundið eða varanlegt lækningaleyfi. Þá hefur ekki verið staðfest hvort umsóknin tengdist námi ákærða.
37. Samkvæmt 111. gr. laga nr. 88/2008 skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Vegna efnis skjalsins og námsferils ákærða gat honum ekki annað en verið ljóst að skjalið væri falsað. Ákærði hefur hins vegar í gegnum alla meðferð málsins neitað fyrir það að hafa framvísað skjalinu með því að hafa vísitandi sent það með umsókninni. Eins og að framan greinir hafa ekki verið lögð fyrir dóminn gögn til staðfestingar á því að skjalinu hafi verið framvísað af ákærða umrætt sinn frá þeim sem taldir eru hafa mótttekið skjalið. Þannig dugar ekki til sönnunar um framvísun skjalsins endursögn þeirra sem borist hafa upplýsingar frá starfsmönnum þeirrar stofnunar sem talin er hafa tekið við gögnum. Þykir þetta vera ágalli á sönnunarfærslu ákæruvaldsins sem þannig hafi ekki fullnægt kröfum 111. gr. um beina og milliliðalaus sönnunarfærslu fyrir dómi hvað þetta varðar.

38. Þá telur dómurinn að ekki sé upplýst hvort staðfesting á því að ákærði hafi lækningaleyfi í samræmi við hið falsaða skjal hafi verið forsenda þess að unnt væri að veita ákærða það leyfi sem hann var að sækja um. Þannig hafi ekki verið lögð fyrir dóminn gögn til staðfestingar á því að með framvísun skjalsins í blekkingarskyni gæti ákærði tryggt framgang umsóknar sem ella yrði hafnað.
39. Allan vafa um sekt ákærða ber að skýra honum í hag, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt framangreindu telst ósannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir og verður hann því sýknaður.
40. Allur sakarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 1.166.220 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts og vinnu verjanda á rannsóknarstigi.
41. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Vilhjálmur Þór Svansson saksóknarfulltrúi.
42. Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 1.166.220 krónur.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir